

Professional Grund+

Spartlgrunnur

Efnislýsing

Professional Grund+ er almattur, vatnspynnalegur grunnur til notkunar á veggjum og loft innanhúss. Professional Grund+ hefur hátt þurrðeiginleik, þekur vel og gefur sérlega góða viðloðun við ólíkt undirlag. Hin einstaka uppbygging efnisins stuðlar að minni notkun yfirmálinga og gefur henni jafnara yfirbragð, bæði í gljáa og áferð.

Professional Grund+ er notaður sem grunnur á spartlaða fleti, gífsveggi, steinveggi, byggingarplötur af ólíkri gerð o.fl.



Meðhöndlun

Spartlið eftir þörfum. Þvegna kalkmálaða fleti, sem og annað lausbundið undirlag, skal grunna með Professional Microdispers áður en málað er.

Óhreina og málaða fleti skal þvo með Original Málartvätt og vatni áður en þeir eru málaðir. Þússið slétta fleti matta áður en grunnað er með einni umferð af Professional Grund+. Málið síðan eina til tvær umferðir af valinni yfirmálingu.

Spartlið ekki ef hitastig er undir +5 °C.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Latexþeytulausn

Gljástig: Almatt 3%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 1 klst.

Yfirmálingun: 2 klst.

Lágmarkshiti við málun: +5°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningsprautur

Þekja: 5-8 m²/l

Umbúðir: 2,5 og 10 L dósir

Stofnar: BW, BC

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostlausu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/a) 30 g/l):

Inniheldur mest 1 g/l

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

Grund+ er brunaflokkuð og uppfyllir kröfur fyrir eldvarnarflokk B-s1, d0 í samræmi við vottun 2439/79 og SC0710-15

Umhverfivottanir

Sænsku astma- og ofnæmissamtökin mæla með Professional Grund+. Efnið uppfyllir staðla Blómsins og Svansins sem eru umhverfismerki Evrópusambandsins og Norrænu ráðherranefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á www.nordic-ecolabel.org